

**Stjórnarfundur ÆSKÞ**  
Laugarneskirkju 25. apríl 2014 kl. 11.00.

Mættir eru Guðrún Karls Helgudóttir (formaður), Guðmundur Karl Einarsson (gjaldkeri), Sigurvin Lárus Jónsson (ritari), Katrín Helga Ágústsdóttir (meðstjórnandi) og Bryndís Valbjarnardóttir (meðstjórnandi). Raket Brynjólfsdóttir landsmótsstjóri sat fundinn.

1. Nýjar stjórnarkonur boðnar velkomnar til starfa og fjallað stuttlega um fyrirkomulag við stjórnarstörf.
2. Ritari og landsmótsstjóri gerðu grein fyrir stöðu á undirbúningi landsmóts og þeim vanda sem stjórnin stendur frammi fyrir í því samhengi.

Vandi við ráðgert landsmót á Ísafirði er tvíþættur, annarsvegar er það teymi sem staðið hefur að landsmótum undanfarin ár ekki til staðar lengur af margvíslegum ástæðum og hinsvegar hefur stjórn ÆSKÞ ekki tekist að fá vilyrði fyrir nægum fjárhagslegum stuðningi til að Ísafjörður verði raunhæfur kostur án þess að hækka gjöld umtalsvert.

Ritari stjórnar lagði því til að landsmót ÆSKÞ yrði flutt á Hvammstanga og að sóknarprestinum þar yrði falið það verkefni að undirbúa og stýra mótinu í október n.k. Tillagan felur í sér að sr. Magnús verði skipaður Landsmótsstjóri og skipi sjálfur nefnd í heimahéraði en stjórnin annist fræðslu, hjálparstarfsverkefni og umsýslu fjármuna, skráningu ofl.

Gert var hlé á fundi og formaður hringdi í sr. Magnús Magnússon og kynnti honum hugmyndina. Sr. Magnús var í alla staði jákvæður og hefur þegar hafið undirbúningsvinnu en endanleg ákvörðun um að færa mótið verður tekin þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.

3. Fjallað um greiðslur til bókara ÆSKÞ

Verktaki sem sinnt hefur bókhaldi ÆSKÞ um árabíl óskar eftir því að tímataxti sem greitt er verði hækkaður í samræmi við launaþróun. Gjaldkeri fékk umboð stjórnar til að semja við hana um sanngjarna hækkun.

Fundi slitið kl. 11.55